

Stýrihópur um heildstæða orkustefnu

DRÖG AÐ ORKUSTEFNU - UMSÖGN

Undirrituð vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

- 1) Kafli 7.1 bls 26 fjallar um vinnanlega orku á Íslandi. Þar er gert ráð fyrir að orkuauðlindir fallvatns og jarðhita geti skilað 30 – 50 TWst/ári. Vitnað er í erindi Harðar Árnasonar forstjóra Landsvirkjunar frá Ársfundi LV 2010. Ef erindið er skoðað kemur í ljós að þar er í einni setningu fullyrt: „Miðað við 30-50 TWst/ár þá höfum við tífalt meiri raforku en við þurfum án stóriðju“. Engan rökstuðning fyrir þessari áætlun er að finna í erindinu og er því heimildin sem valin er fyrir stærð orkuauðlindarinnar að mínu mati allt of veik fyrir jafn mikilvægt plagg eins og Orkustefna fyrir Ísland er. Nauðsynlegt er að í stefnunni séu notaðar tölur fyrir heildarorkuauðlindina sem eru vel röstuddar og byggðar á bestu fánlegum gögnum.

Í kaflanum er jafnframt vitnað í vef Orkustofnunar þar sem fram kemur að fræðilega nýtanlegt vatnsafl er talið vera um 64 TWst/ári. Til bóta væri að bæta við skilyrðum Orkustofnunar, þannig að það sé öllum ljóst að til þess að ná að virkja 64 TWst/ári þarf að virkja hverja lækjarsprænu á landinu sem getur framleitt a.m.k. 1 MW af afli og hafa fallhæð sem er a.m.k. 5 m á hverja 5 km. Mikilvægt er að þau stjórnvöld og aðrir sem vinna eftir orkustefnu fyrir Ísland geri sér grein fyrir hve fjarstæðukennd markmið eru sett fyrir fræðilega nýtanlegt vatnsafl.

Í því skjali sem vitnað er í fyrir fræðilega nýtnalegan jarðhita til raforkuvinnslu (www.os.is/jardhiti/jardhitinn) er miðað við að sjálfbær nýting jarðhita geti framleitt 20 TWst/ári. Í því augnamiði er óljóst hvernig höfundar orkustefnunnar geta vitnað í heimildina en samt gert ráð fyrir að fræðilega nýtanleg orka úr jarðhita sé 10-30 TWst/ári. Hér virðist enn og aftur vera farið nokkuð frjállega með heimildir. Ég tel nauðsynlegt að höfundar orkustefnunnar leiti frumheimilda og geti þess hvaða nálganir liggja að baki við áætlun á stærð orkuauðlindarinnar. Raunupplýsingar um stærð auðlindarinnar hljóta að hafa grundvallarþýðingu fyrir orkustefnuna í heild. Í skýringum neðst á blaðsíðu 26 kemur fram að í áætlun um afkastagetu jarðhitasvæða hafi árið 1986 verið miðað við nýtingu í 50 ár. Nú sé hins vegar miðað við að sjálfbær nýting þurfi að gera ráð fyrir 100-300 ára nýtingartíma. Deila þurfi með 2 upp í niðurstöðuna fyrir nýtingu í 100 ár, en með 6 upp í niðurstöðuna fyrir 300 ár. Ég spyr því höfunda orkustefnunnar hvort það geti verið að sjálfbært nýtanlegur jarðhiti sé í raun 10 TWst/ári miðað við 100 ára framleiðslu og 3,3 TWst/ári miðað við 300 ár? Ef svo er þarf að geta þess í orkustefnunni og stilla væntingum í hof miðað við þá áætlun.

Ef til vill eru tölur um vinnanlega raforku í orkustefnunni (30-50 TWst/ári), fengnar úr rammaáætlun 2. áfanga þó þess sé ekki getið í heimildum kafla 7.1. Miðað við rammaáætlun er heildarorkugeta vatnsafls 22,4 TWst/ári, eða réttara sagt 17,5 TWst/á ári ef leiðrétt er fyrir þær virkjanahugmyndir sem útiloka hverja aðra. Miðað við 50 ára rekstrartíma gerir rammaáætlun ráð fyrir að hugmyndir að jarðhitavirkjunum geti framlétt 30,4 TWst/ári (sjá skýrslu um niðurstöður faghópa frá mars 2010). Miðað við forsendur orkustefnunar sjálfrar (sjálfbær nýting til 100-300 ára, sjá neðanmáls bls 26) væru þetta 5-15,2 TWst/ári, en ekki 10-30 TWst/á ári eins og segir í drögum að orkustefnu. Heildarorka sem vinnanleg er samkvæmt rammaáætlun 2. áfanga er því 40-50 TWst/ári, eftir því hvort miðað sé við 100 eða 300 ára vinnslutíma. Er þá miðað við að engin svæði færu í verndarflokk og friðun á öllum friðuðum svæðum verði aflétt. Þannig yrði til dæmis leyft að virkja bæði Gullofss og Geysi, Öskju og Torfajökulsvæðið. Því tel ég túlkun orkustefnuhöfunda á því að hér séu 50 TWst/ári af vinnanleg orka, ofmat og eitthvað sem aldrei náist sátt um á Íslandi. Því tel ég varhugavert að nota þessi viðmið í orkustefnu fyrir Ísland.

- 2) Á töflu 1, bls 42 er borinn saman einingakostnaður við byggingu mismunandi virkjana. Þar kemur fram að jarðvarmavirkjanir kosti 1749 USD/KW. Það er ekki alveg ljóst hvað átt er við með jarðvarmavirkjun, er hér um að ræða virkjun sem nýtir lágghita, nýtir hághita bæði til varma og raforkuframléiðslu eða virkjun sem nýtir hághita eingöngu til raforkuframléiðslu? Raunar væri réttast, fyrir íslenskan veruleika að sundurgreina þessar mismunandi vinnsluáðferðir jarðhitans, eins og raunar er gert fyrir sólarorku í sömu töflu (þ.e. sundurgreindur kostnaður fyrir sólarorku til varmaframléiðslu og sólarorku til rafmagnsframléiðslu).
- 3) Í kafla 9.2, bls 43 um undirbúningsferli virkjanafrankvæmda kemur fram að gert er ráð fyrir lýðræðislegu ferli við undirbúning virkjana. Ég tel mjög nauðsynlegt að í orkustefnu fyrir Ísland verði gerð nánar grein fyrir því hvernig tryggja eigi að ferli þessara mála verði lýðræðislegt á landinu. Kaflinn sjálfur virðist í raun miklu fremur vera skrifaður með hagsmunum orkufyrirtækja í huga en almennings í landinu. Það er til dæmis ekki einkamál sveitarfélaga hvaða framkvæmdir fara fram innan þeirra, sem breyta til langframa landslagi og vistkerfum landsins. Ég vil því hvetja til þess að til að tryggja lýðræðisleg vinnubrögð við ákvarðanatöku í virkjanamálum, þá fari hver virkjun 50 MW og stærri í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ennfremur að áður en svo verði gert, þá liggi fyrir hlutlausar rannsóknir sem lýsa áhrifum viðkomandi framkvæmdar og niðurstöðum þeim verði miðlað til almennings án milligöngu framkvæmdaraðilans sjálfs. Að öðrum kosti verður lýðræði ekki tryggt við ákvarðanatöku stærri virkjanafrankvæmda.

Ragnhildur Sigurðardóttir

Stokkseyrarseli, 801 Selfoss